



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Dagsetning
14. júní 1996

Tilvísun
96050462
031.1

Alþingi
Erindi nr. **D** 120/2390
komudagur 18/6 1996

Ráðuneytið vísar til bréfa yðar, dags. 29. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins vegna tveggja frumvarpa til laga um lögræðislög, 456. og 457. mál, þingskjöl 789 og 790.

Efni frumvarpanna miðar að hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár, og tekur því eftirfarandi umsögn til þeirra beggja.

Árið 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til endurskoðunar lögræðislaga nr. 68/1984. Vinna við frumvarp til nýrra lögræðislaga er langt komin, og er stefnt að því að nefndin ljúki störfum síðar á þessu ári. Meðal þeirra atriða sem nefndin hefur kannað er hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár. Af því tilefni ritaði nefndin bréf til fjölmargra aðila og óskaði eftir álitum þeirra á umræddri hugmynd, og að reifuð yrðu rök með og á móti henni. Nefndin hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þessa álitaefnis, en í greinargerð með frumvarpi því sem nefndin mun skila af sér verða ítarlega reifuð rök með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Ráðuneytið telur því ekki tímabært að svo stöddu að taka efnislega afstöðu til framangreindra frumvarpa.

F. h. r.

Ólaf W. Stefánsson

Stefín Eiríkursson